

Minnisblað

Dreifing

Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur

02.03.2018

Tílefni

Íþróttasvæði í Ásgarði - Aðalvöllur

Endurnýjun á knattspyrnugrasi á
núverandi fjaðurlag

18121

Höfundur

VÁÁ/vaa@vso.is

Yfirlit

Tilboð í verkið „Íþróttasvæði í Ásgarði – Aðalvöllur - Endurnýjun á knattspyrnugrasi á núverandi fjaðurlag“ voru opnuð miðvikudaginn 28. mars 2018. Tveir aðilar, Sportisca (óstofnað fyrirtæki) og Metatron ehf., skiluðu inn alls 6 tilboðum í verkið.

Núverandi kerfi knattspyrnugrass á aðalvelli var lagt í maí 2012 og samanstendur af 25mm staðsteyptu fjaðurlagi (púða) og grasmottu með um 40mm háum grasstráum og innfyllingu með sandi í botni og húðaðri SBR gúmmífyllingu ofan á honum.

Garðabær hyggst nota núverandi fjaðurlag (púða) áfram en endurnýja knattspyrnugras og innfyllingu þess. Gert er ráð fyrir því að jarðvinnuverktaki (ekki hluti þessa útboðs) muni fjarlægja 1 metra af innri kanti vallarins þ.a. öryggissvæði utan um merktan keppnisvöll verði fjórir metrar í stað þriggja metra sem nú er. Með þessu eru fyrirbyggjandi kröfur KSÍ uppfylltar. Umbeðin vallarstærð tekur mið af þessum viðbótum.

Núverandi útboðsverk felst í eftirfarandi:

Nýtt knattspyrnugras, innfylling og niðurlögn

- ▶ Knattspyrnugras á núverandi aðalvöll (76x113m) (ofan á núv. fjaðurlag) og **grænt innfylliefni EPDM Virgin**
- ▶ Merkingar á yfirborði nýja aðalvallarins

Rif og förgun á núverandi yfirborði

- ▶ Knattspyrnugras og innfylling (8.588m²) – rif og förgun heildarkerfis, mottu og innfyllingar.

Búnaður – Mörk, hornfánar og festingar

- ▶ 7 metra boxmörk ásamt festingum og hvítum baksúlum (2 stk.). Horn- og miðjufánar á aðalvöll (6stk.)

Tilboð

Þeir 2 aðilar sem skiluðu inn tilboðum í verkið eru eftirfarandi:

- ▶ Sportisca (Óstofnað) (1 tilboð)
- ▶ Metatron ehf. (5 tilboð)

Heildarfjöldi tilboða einstakara tilboða er því 6 eins og áður sagði.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir einstakar tilboðsupphæðir og gerð efnis.

Bjóðandi	Tilboð	1. Knattspyrnugras					2. Ríf og förgun á núv. yfirborði	3. Mörk og hornfánar	Yfirfarin upphæð	Upplesin upphæð
		1.1 Efni	1.2 Niðurl.	1.3 Merk.	1.4 Prófanir	Samtals				
SPORTISCAEHF (Óstofnað)										
SPORTISCAHYBRID	1					65.000.000	20.000.000	3.888.888	88.888.888	88.888.888
Metatron ehf.										
Polytan - LigaTurf Legend 240 18/4 - Þráður 360µ	1	39.035.207	3.944.959	innif.	900.000	43.880.166	5.031.228	498.000	49.409.394	49.409.394
Polytan - LigaTurf RS+ 18/4 - Gauge 3/4 - Þráður 360µ	2	41.777.089	3.944.959	innif.	900.000	46.622.048	5.031.228	498.000	52.151.276	52.151.276
Polytan - LigaTurf RS+ 22/4 - Gauge 3/4 - Þráður 360µ	3	43.714.769	3.944.959	innif.	900.000	48.559.728	5.031.228	498.000	54.088.956	54.088.956
Fieldturf - Fieldturf 360 XL 42 14 14/10 - Gauge 5/8 - Þráður 360µ	4	43.870.438	3.944.959	innif.	900.000	48.715.397	5.031.228	498.000	54.244.625	54.244.625
Fieldturf - Fieldturf 360 XL 42 17 17/10 - Gauge 5/8 - Þráður 360µ	5	46.139.793	3.944.959	innif.	900.000	50.984.752	5.031.228	498.000	56.513.980	56.513.980

Í útboðsgögnum koma fram kröfur um að heildarkerfi knattspyrnugrass vallanna þriggja þ.e. bæði knattspyrnugrasið sjálft, fjaðurlagið og fjaðrandi efni (innfylling), skuli uppfylla sameiginlegar kröfur FIFA og UEFA um knattspyrnugrasvelli skv. staðlinum „FIFA Quality Programme for Football Turf, October 2015“. Grasið skal vera grænni EPDM Virgin gúmmíi sérframleitt fyrir knattspyrnugras. Núverandi fjaðurlag (púði) skal áður en framkvæmdir hefjast vera prófaður skv. ofangreindum staðli. Innifalið í tilboði skal einnig vera prófun fyrir tæknilegum eiginleikum á grasinu komnu á endanlegan stað.

Mat tilboða

Hæsta tilboðið 88.888.888kr. barst frá óstofnuðu fyrirtæki, Sportisca, sem bauð knattspyrnugras frá T-Turf S9 Hybrid frá svissneska framleiðandanum Sportisca. Tilboð bjóðanda var ekki skilað inn á formlegan hátt á formi útboðsgagna þar sem einstaka tilboðsliðir eru sundurliðaðir. Með tilboði fylgdu ekki fylgigögn með formlegum prófunarupplýsingum efnisins ná staðfesting afhendingar boðins efnis eins og beðið var um í gögnum. Í ljósi þessa og í ljósi þess að um hæsta tilboð var að ræða var tilboð þessa bjóðanda ekki skoðað frekar.

Fimm lægstu tilboðin bárust frá sama sama bjóðanda, Metatron, sem býður þrjá valkosti frá þýska framleiðandanum Polytan og tvo valkosti frá bandaríska framleiðandanum Fieldturf. Metatron skilaði inn fullum gögnum um umbeðin efni skv. óskum útboðsgagna, með prófunarskýrslum frá óháðum aðila sem sýna fram á að boðnar útfærslur uppfylli allar kröfur útboðsgagna.

Metatron hefur viðamikla reynslu við útvegum og frágang knattspyrnugrass á Íslandi og hefur Garðabær góða reynslu af bjóðanda sem hefur uppfyllt að fullu væntingar sem til hans hafa verið gerðar varðandi gæði og frágang þess knattspyrnugrass sem hann hefur boðið auk þess sem hann hefur staðist þau tímamörk sem sett hafa verið hverju sinni.

► Efnisgæði og eiginleikar fyrirleggjandi tilboða frá Polytan og Fieldturf

Metatron býður efni frá Polytan annars vegar gerðina Ligaturf Legend og hins vegar Ligaturf RS+. Ligaturf Legend er nýlegt og hefur verið lagt í Akraneshöllinni. Ekki er komin mikil reynsla á þetta knattspyrnugras annars staðar. Ligaturf RS+ hefur verið lagt víða bæði í Evrópu og á Íslandi. Nýjustu vellir sem þetta gras hefur verið lagt á með grænu innfylliefni eru vellir ÍR, Leikni og Fram Safamýri. Bæði þessi efni uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í útboðsgögnum og skilað er í tilboðunum. Munur á þessum tveimur efnum sem boðin eru hér eru strágerð og fjöldi brúska í grasteppi. Ligaturf efnið sem er eldra og mikil og góð reynsla er komin á það bæði hér á landi og í Evrópu. Boðið efni er með er bæði með þéttleikann 22 brúska/10cm og 18 brúska/10cm. Þetta efni er slitsterkara en Ligaturf Legend. Minni reynsla er komin á Ligaturf Legend efnið sem er með þéttleikann 18 brúska/10cm.

Metatron býður tvær gerðir efna frá bandaríska framleiðandanum Fieldturf. Munurinn á þessum tilboðum er þéttleiki boðinna efna þar sem annað efnið er með 14 brúska/10cm og þéttara efnið er með 17 brúska/10cm. Þéttara efnið hefur verið lagt á aðalvöll Vals með endurunnu, gráu gúmmíi, í stað verksmiðjuframleidds EPDM Virgin gúmmís sem er boðið hér. Veruleg ánægja er með þetta gras hjá Val.

Í útboðsgögnum er farið fram á knattspyrnugras af bestu fáanlegu gæðum. Í ljósi þessa má leggja að jöfnu tilboð Polytan í LigaTurf RS+ 22/4 gauge 3/4 og tilboð Fieldturf í Fieldturf 360 XL 17/10, gauge 5/8.

► Afgreiðslufrestur

Í ljósi þess að verktími er verulega skammur voru gerðar kröfur í útboðsgögnum um staðfestingu framleiðanda vörunnar á afhendingartíma. Bæði Polytan og Fieldturf skiluðu inn slíkri staðfestingu. Polytan hefur þann fyrirvara á sinni afhendingu að staðfesting á móttöku tilboðs frá þeim verði að berast innan tveggja daga frá opnun tilboða á meðan Fieldturf gefur vikufrest. Garðabær getur ekki orðið að ósk Polytan þar sem formlegur afgreiðslutími ákvörðunar tekur lengri tíma.

► Ábyrgðartími

Ábyrgðartími Polytan efna 5 ár en 8 ár hjá Fieldturf. Hér er átt við ábyrgð framleiðanda á göllum á knattspyrnugrasinu. Ábyrgðartími er því lengri hjá Fieldturf.

► Viðhaldsáætlun

Viðhaldsáætlun er fyrirbyggjandi fyrir bæði efni.

► Fylgigögn með tilboði

Með tilboði fylgdu öll umbeðin fylgigögn.

Að undangenginni yfirferð á tilboðum og því sem lýst hefur verið hér á undan er eftirfarandi ljóst.

- Metatron er eini bjóðandi að þessu sinni sem uppfyllir allar kröfur útboðsgagna þám. er fyrirtækið eini bjóðandi sem skilar efnisvottunum fyrir nákvæmlega það efni sem beðið er um.
- Metatron býður fimm efni alls – annars vegar frá Polytan og hins vegar frá Fieldturf. Verkkaupi getur ekki uppfyllt skilyrði Polytan um ákvörðun um töku tilboðs innan tveggja daga og koma þeir því ekki til greina. Fieldturf er reynslumikill framleiðandi. Fyrsti aðalvöllur Stjörnunnar var með efnið frá þessum framleiðanda og reyndist vel. Mikil ánægja hefur verið með aðalvöll Vals sem lagður er þéttara efninu sem boðið er.

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna, skilyrða frá framleiðendum og reynslu af boðnum efnum er lagt til að verkkaupi gangi til samninga við Metatron ehf. um efnið Fieldturf 360 XL 42 17 17/10 - Gauge 5/8 - Þráður 360µ, heildarupphæð 56.513.980.

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson

Dreifing: Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar